

# Jólafundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana, haldinn á Grand Hótel í Reykjavík miðvikudaginn 13. desember 2017 kl. 11-13.

Fundarstjóri: Magnús Guðmundsson, forstöðumaður Landmælinga Íslands

Fundarritari: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

Fundinum var streymt og upptaka verður aðgengileg á vef FFR.

Um 30 manns voru á fundinum, nokkrir félagsmenn horfðu á streymið og 16 áhorf voru á YouTube sama dag.

## 1. Setning fundar

Björn Karlsson, formaður FFR setti fund og stakk upp á Magnúsi Guðmundssyni sem fundarstjóra og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Magnús tók við fundarstjórn og kynnti dagskrá.

## 2. Nýtt hlutverk FFR, starfsmaður, húsnæði og fleira

Björn Karlsson ræddi um nýtt og gerbreytt hlutverk Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Með breytingum á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er FFR ætluð virk þátttaka í mótun og þróun á vinnuumhverfi forstöðumanna til skemmri og lengri tíma. Félagið á einnig að aðstoða forstöðumenn þegar upp koma álitamál varðandi laun og starfskjör, kalla eftir rökstuðningi og veita aðstoð við úrlausn álitafna. Þá á félagið að styðja forstöðumenn við að aðlagast nýju umhverfi t.d. með fræðslufundum og upplýsingagjöf, hafa eftirlit með framkvæmd launasetningar með því að kalla eftir samantekt frá miðlægri einingu um framkvæmd, gera kannanir meðal félagsmanna varðandi einstaka þætti vinnuumhverfisins og sýna frumkvæði með því að kalla eftir endurskoðun á launum vegna verulegra breytinga á launum í þjóðfélaginu eða á störfum forstöðumanna.

Björn sagði einnig frá því að ráðinn hafi verið ráðgjafi, Guðrún Ragnarsdóttir, sem hefur starfað með stjórn félagsins meginhluta ársins og setið fundi með Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Félagið fékk styrk úr Starfsmenntunarsjóði til þess. Þá hafi verið ráðinn starfsmaður í hálfstarf, Jóhanna Áskels Jónsdóttir lögfræðingur, sem mun hefja störf 1. jan. 2018. Jóhanna stóð upp og kynnti sig og kvaðst hlakka til að hefja störf. Björn sagði einnig frá því að leigt hafi verið skrifstofuhúsnæði að Hverfisgötu 105 í Reykjavík, með aðgangi að fundarherbergi og fór helstu verkefni starfsmanns.

## 3. Fjármál FFR

Kristín Linda Árnadóttir gjaldkeri FFR gerði grein fyrir fjármálum félagsins. Nú fær FFR 0,4% af útgreiddum heildarlaunum forstöðumanna greitt frá Fjárslu ríkisins, til að standa undir kostnaði við rekstur félagsins og nýrra verkefna. Til stendur að hækka þetta hlutfall í 0,7%, sem verður um 15 m.kr. á ári. FFR fékk nú í desember 5.000.000 kr. styrk frá Starfsmenntunarsjóði embættismanna og fékk einnig sömu upphæð fyrir rúmu ári. Styrkurinn hefur staðið undir ráðgjöf vegna vinnu við nýtt starfsumhverfi forstöðumanna sbr. lið 2. Fjárhagsleg staða FFR er góð, en mörg verkefni þarf að vinna og félagið sé að breytast yfir í að vera hagsmunasamtök.

## 4. Vinna við nýtt starfsumhverfi – staðan

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir ritari FFR sagði frá vinnu við nýtt starfsumhverfi og samstarfi við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Ekki sé bara verið að tala um launin heldur allt starfsumhverfið. KMR er að vinna með yfirstjórnnum ráðuneytanna, verið er að móta stjórnendastefnu fyrir ríkið, verið sé að skoða

hreyfanleika og starfslok og þróa ýmis konar verklagsreglur. Ingibjörg Steinunn fór einnig yfir síðustu útgáfu af sniðmáti eða matskerfi sem er í þróun, en störf forstöðumanna verða metin samkvæmt því. Einnig ræddi hún stuttlega um kjörmynd stjórnenda, eða hvaða eiginleika stjórnendur þurfi að hafa til að takast á við áskoranir í starfi, en það eru heilindi og leiðtogahæfni, áhersla á árangursmiðaða stjórnun og góð samskiptahæfni.

Spurningar og hugleiðingar:

*Hulda Ragnheiður Árnadóttir* hjá Viðlagatryggum Íslands spurði hver framkvæmi matið á starfi forstöðumanna. Björn og Ingibjörg Steinunn svöruðu að fjármálaráðuneytið ákveði grunnlaun og önnur laun en fagráðherra ákveði viðbótarlaun.

*Hrafnkell Gíslason* frá Póst- og fjarskiptastofnun ræddi um að í nýju kerfi muni sumir forstöðumenn hækka og aðrir jafnvel lækka og hvernig eigi þá að takast á við það. Björn og Ingibjörg Steinunn svöruðu nú stæðu yfir tilraunir með röðun og að það verði áhugavert að sjá hvernig hún verður. Þó verði að taka til varna ef tillögur um óeðlilegar lækkanir komi fram. Kristín Linda ræddi einnig um að fjölmargar umsóknir liggi inni hjá Kjararáði og það þarf að ljúka vinnu við þær áður en störf verða metin eftir nýja kerfinu.

*Þórólfur Árnason* hjá Samgöngustofu fjallaði um matið og hvernig eigi að koma upplýsingum um starfið til KMR. Björn og Ingibjörg Steinunn sögðu að samtöl milli fagráðuneytis og fortöðumanns um starfið, eða n.k. starfsgreiningar séu þegar hafnar, t.d. í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þetta mun krefjast þátttöku forstöðumanna sem þurfa að greina það starf sem þeir gegna.

## **5. Mögulegar tillögur stjórnar FFR að lagabreytingum**

Björn Karlsson og Kristín Linda Árnadóttir sögðu frá vinnu við breytingar á lögum um FFR. Aðallegar hafi verið skoðaðar þrjár breytingar.

- Tillaga 1: Að ákvæði til bráðabirgða um fyrrverandi forstöðumenn verði felld inn í lögin,
- Tillaga 2: Að ákvæði er varða hlutverk félagsins verði endurskoðuð til samræmis við ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna,
- Tillaga 3: Að hugað verði að breytingum á stjórnarkjöri, en þær tillögur eru ekki fullmótaðar. Þó sé rætt um stjórnarsetu í tvö ár með möguleika á tveggja ára viðbót.

Kristín Linda benti á að eðli félagsins sé að breytast verulega og að félagið eigi að aðstoða félagsmenn í kjarabaráttunni. Björn óskaði eftir umræðum um Tillögu 3. Ekki komu frekari fyrirspurnir en fundarmenn gáfu til kynna með handauppréttingu að þeir vilji breyta fyrirkomulagi kosninga í samræmi við Tillögu 3.

Björn tilkynnti að þar sem félagið væri að breytast mjög mikið væri eðlilegt að félagsmenn fengju tækifæri til að velja sér nýjan formann. Hann tjáði fundinum að af þessum sökum hefði hann ákveðið að gefa ekki kost á sér sem formaður næsta vor.

Spurningar og hugleiðingar:

*Þórólfur Árnason* frá Samgöngustofu taldi að lengja ætti tímabil í stjórn í þrjú ár með möguleika á þriggja ára viðbót og að það væri ekki langur tími. Vont væri ef reynsla tapaðist.

*Þórólfur Halldórsson* sýslumaður í Reykjavík lagði áherslu á að kjósa formann sérstaklega.

*Hulda Ragnheiður Árnadóttir* hjá Viðlagatryggjum Íslands taldi skynsamlegt að hafa 2 ára fasta, en tvisvar sinnum framlenging í tvö ár væri kannski lausn. Formaður væri kosinn sér og nauðsynlegt til tveggja ára, en aðrir stjórnarmenn róteri.

Fundarstjóri þakkaði fyrir ábendingar og hvatti þá sem voru að hlusta á að senda inn tillögur.

## **6. Framhaldsaðalfundur FFR, lok janúar**

Fundarstjóri sagði frá framhaldsaðalfundi í lok janúar, en dagsetning verði send út síðar.

## **7. Umræður**

*Gissur Pétursson* frá Vinnumálastofnun sagði að verið væri að breyta félaginu í stéttarfélag, þó að stjórnarmenn notuðu aldrei það orð. Við værum í þeirri stöðu að vera samtímis stjórnendur og launamenn hjá ríkinu, en það hafi auðvitað þann hvata að halda laununum niðri. Við þurfum að stíga inn í þetta hlutverk sem stéttarfélag og skilgreina félagið sem öflugan hagsmunagæslu samningsaðila fyrir forstöðumenn.

*Eyjólfur Guðmundsson* rektor háskólans á Akureyri vill ekki vera með stéttarfélag. Forstöðumenn séu oft sjálfir í baráttu við stéttarfélög. Staða félagsmanna væri oft mjög erfið, réttarstaðan er mjög slæm, og tól og tæki til að stýra eru fá. Forstöðumaður ber alla ábyrgð og er etv. ekki hæst launaðasti starfsmaðurinn. Þetta er sérstaða hópsins og í starfsmatinu kemur fram framtíðarsýn og gæðahugsun. Eyjólfur taldi rétt að halda sig frá orðinu stéttarfélag, en nota frekar orðið hagsmunafélag þeirra sem starfa á vegum ríkisins og bera mjög mikla ábyrgð

Honum reiknaðist til að forstöðumenn fái samanlagt í laun um 2.2 milljarða miðað við 15 millj. kr. árlega framlagið til félagsins. 155 forstöðumenn sem sjái um framkvæmd fjárlaga, sem væru 7-800 milljarðar og 2.2 milljarðar fari til forstöðumanna. Það væri mjög ódýrt vinnuafli. Til viðbótar komi svo óöruggt starfsumhverfi, erfitt vinnuumhverfi og fá stjórn tæki.

*Magnús Guðmundsson* bað alla sem eiga erindi inni í Kjararáði núna að rétta upp hönd. Það var meirihluti fundarmanna. Hann spurði einnig um vörpun í nýja launatöflu og hvort hún væri tilbúin.

*Björn Karlsson* svaraði neikvætt. Verið væri að gera tilraunir en ekkert komið fram. Hann þakkaði góðar brýningar og ræddi um nauðsyn þess að efla félagsmenn. Hann þakkaði samstarfið við stjórn og ýmsa sérfræðinga sem hafa komið að málum, s.s. Guðrúnu Ragnarsdóttur og Óskar Norðmann og ítrekaði að hann myndi stíga til hliðar í vor.

*Magnús Guðmundsson* þakkaði formanni fyrir að leiða þær miklu breytingar sem orðið hefðu hjá félaginu.

*Eyjólfur Þór Sæmundsson* frá Vinnueftirlitinu spurði um kjarasamninga og launaskrið og að hver myndi sjá um að semja fyrir hönd félagsmanna og hvernig að launatafla þróist.

*Björn Karlsson* svaraði að reynt hafi verið að skrifa Kjararáði og beðið um að fylgja almennri launavísitölu, en það hafi litlu skilað. Í lögnum á það nú að vera að fúmkvæði félagsins að kalla eftir endurskoðun á launum vegna verulegra breytinga á launum í þjóðfélaginu eða á störfum forstöðumanna. Krafan verði að launin fylgi launavísitölu.

Fundi var slitið um kl. 12:45.